

## Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 115

11. nóvember 2021

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans miðvikudginn 11. nóvember 2021 kl. 8:30. Mættir: Flosi Sigurðsson, Helgi Haukur Hauksson, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, Sveinbjörn Eyjólfsson (í forföllum Hrefnu B. Jónsdóttur) og Bragi Þór Svavarsson skólameistari Í fjarfundarbúnaði mætti Helena Guttormsdóttir. Gestur fundarins var Helga Karlsdóttir fjármálastjóri MB.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### 1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykkt

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerð síðasta fundar nr. 114 og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. Níu mánaða uppgjör

Helga Karlsdóttir fjármálastjóri MB var gestur fundarins og fór yfir níu mánaða uppgjör MB og rakti helstu liði hennar. Í kjölfar umræðna var fjármálastjóra og skólameistara falið að skoða nánar ákveðna liði og leggja fram minnisblað á næsta stjórnarfundum.

### 3. Fjárhagsáætlun 2022

Lögð var fram fjárhagsáætlun ársins 2022 auk fjárhagsáætlana 2023-2024. Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

### 4. Þróun skólastarfs MB

Skólameistari fór yfir starfið síðustu vikna í MB. Rætt var um skólaþróunarverkefni MB, skólaakstur (almenningsmenging), samstarf við aðra skóla, félagslíf og fleira.

Stjórn MB lýsir yfir ánægju með gang mála.

### 5. Markaðs- og kynningaráætlun MB

Framundan er kynning á námsbrautum og skólalífi MB. Skólameistari er að undirbúa markaðs- og kynningarmál MB fyrir líklega nemendum skólans.



**MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR**

## **6. Önnur mál**

Engin önnur mál voru borin upp á fundinum.

Fleira var ekki gert og fundir slitið klukkan 9:49.